STJÓRNARTÍÐINDI B 4 — 1983

11. febrúar 1983 81 Nr. 36

REGLUGERÐ

um Olíusjóð fiskiskipa.

1. gr.

Olíusjóður fiskiskipa skal starfræktur í þeim tilgangi að greiða niður verð á gas- og svartolíu til íslenskra fiskiskipa á árinu 1983.

2. gr.

Seðlabanki Íslands skal annast stjórn og gæslu sjóðsins og sjá um greiðslu úr honum.

3. gr.

Niðurgreiðsla olíuverðs skal vera 35% af útsöluverði eins og það er ákveðið af verðlagsnefnd hverju sinni á tímabilinu.

4. gr.

Niðurgreiðsla á olíu skal bundin við það að olía sé afgreidd um borð í fiskiskip hér á landi.

5. gr.

Olíusjóður fiskiskipa skal greiða olíufélögunum jafngildi niðurgreiðslna sbr. 3. gr., enda láti olíufélögin sjóðnum í té afrit af sölunótum staðfestum af móttakanda, þar sem greint sé frá nafni og númeri skips, afhendingartíma, magni og tegund olíu.

Miðað skal við að uppgjör til olíufélaganna fari fram hálfsmánaðarlega.

6. gr.

„Fiskiskip" merkir í reglugerð þessari sérhvert það skip sem gert er út til fiskveiða í atvinnuskyni og skráð er hjá Siglingamálastofnun ríkisins.

7. gr.

Olíufélögin skulu láta Seðlabankanum í té þær upplýsingar sem nauðsynlegar teljast til eftirlits með því að ákvæðum reglugerðar þessarar sé fylgt.

8. gr.

Skipstjórum eða útgerðarmönnum íslenskra fiskiskipa, sem fá keypta olíu á niðurgreiddu verði samkvæmt 3. gr., er skylt að halda til haga afritum af sölunótum og láta þau af hendi við Seðlabankann verði þess krafist. Seðlabankinn skal velja af handahófi einstök fiskiskip til athugunar á því hvort olíukaup þeirra séu með eðlilegum hætti samkvæmt reglugerðinni.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

9. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða missi niðurgreiðsluréttinda eftir ákvörðun ráðuneytisins, auk viðurlaga samkvæmt almennum hegningarlögum, eftir því sem við á. Hver sá maður, sem veitir liðsinni sitt til slíkra brota skal einnig sæta viðurlögum almennra hegningarlaga.

10. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 1 11. febrúar 1983, um Olíusjóð fiskiskipa, olíugjald o. fl., til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 11. febrúar 1983.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Kjartan Júlíusson.

Stjórnartíðindi B 4, nr. 36. Útgáfudagur 11. febrúar 1983.